# FLUGTÖLUR

## Ísland 2004

### Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

## FLUGFLOTI




Í árslok 2004 voru 393 loftför skráð á Íslandi á móti 376 árið áður sem er 4,5% aukning. Þungum flugvélum (yfir 5.700 kg) fjölgaði um 12, léttum flugvélum (undir 5.700 kg) um 5, svifflugur og þyrlur voru jafn margar og árið 2003. Síðastliðinn áratug hefur þungum loftförum fjölgað mest eða um 15,7% að meðaltali á ári en um 15,0% á ári undanfarin fimm ár.

## SKÍRTEINI EINSTAKLINGA*




Gild skírteini einstaklinga í árslok voru 2.223 en það er um 5,6% aukning frá árinu áður. Fjölmennustu hópar skírteinishafa í lok ársins voru: atvinnuflugmenn 688, einkaflugmenn 556, flugvéltæknar 353, flugumferðarstjórar 143, svifflugmenn 55, flugumsjónamenn 54 og flugvélstjórar 24. Á árinu fjölgaði flugumferðarstjórum um 32,4%, sviflugmönnum um 10,0%, flugvéltæknum og flugumsjónarmönnum um 3,8% og atvinnuflugmönnum um 0,3%. Hins vegar fækkaði flugvélstjórum um 7,7% og einkaflugmönnum um 6,2%. Síðastliðinn áratug hefur einstaklingsskírteinum í gildi fjölgað um 3,5% að meðaltali á ári. Meðaltalsfjölgun undanfarin fimm ár var 1,7% á ári.

* Blindflugs- og kennaraáritanir eru ekki taldar með skírteinum.
Talningu gildra skírteina flugnema hefur verið hætt og heildartölur sl. 10 ára uppfærðar samkvæmt því.

## ÚTHAFSFLUGUMFERÐ




Árið 2004 fóru 84.616 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið en það er 7,6% meira en árið áður, en þá voru vélarnar 78.642. Umferðin á árinu skiptist þannig: atvinnuflug var 88,4%, herflug 4,5% og til almannaflugs taldist 7,0%. Síðastliðinn áratug hefur úthafsflugumferð aukist um 2,3% að meðaltali á ári, en um 0,2% á ári sl. fimm ár.

## FARÞEGAR INNANLANDS




Farþegar í innanlandsflugi voru 395.588 sem er 11,2% aukning frá árinu áður en þá voru þeir 355.700. Farþegum fjölgaði mest á Egilsstöðum eða um 29,2%, um 13,3% á Ísafirði,12,0% í Reykjavík, 7,0% á Bakka, 6,3% á Höfn í Hornafirði, 6,0% á Akureyri og 4,4% í Vestmannaeyjum. Farþegum fækkaði um 27,8% á Sauðárkrók og um1,2% á öðrum flugvöllum. Síðastliðinn áratug hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað að meðaltali um 1,3% á ári en síðastliðin fimm ár hefur þeim þó fækkað um 2,5% að meðaltali á ári.

## FARÞEGAR OG FARÞEGA-KÍLÓMETRAR




Borgandi farþegar í skráðum íslenskum loftförum um allan heim voru 4.8 millj. árið 2004 eða 30% fleiri en árið áður en þá voru þeir um 3.7 millj.
Greiddir farþegakílómetrar (fjöldi borgandi farþega á hverri flugleið margfaldaður með lengd flugleiðarinnar) voru árið 2004 rúmir 12 milljarðar km. eða um 32,4% fleiri en árið áður en þá voru þeir 9.3 milljarðar km. Tölurnar eru fengnar úr skýrslum íslenskra flugrekstraraðila „Skýrsla um flug með hreyfilknúnum loftförum".

## FARÞEGAR MILLI LANDA




Millilandafarþegar voru 1.660.209 sem er 18,2% meira en árið áður. Mestur hluti þeirra fór um Keflavík eða 98,6%. Millilandafarþegum fjölgaði einnig mest í Keflavík eða um 19,6%. Farþegum milli landa fækkaði um 71,1% á Akureyri, 35,2% á Egilsstöðum og um 23,3% í Reykjavík. Síðastliðinn áratug hefur millilandafarþegum fjölgað um 7,4% að meðaltali á ári en 4,8% á ári síðastliðin fimm ár.

## VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Árið 2004 voru flutt 1.365 tonn af vörum og pósti í innanlandsflugi sem er 1,0% aukning eða 14 tonnum meira en árið áður. Á árinu voru flutt 1.316 tonn af vörum sem er aukning um 1,5% eða 20 tonn og 49 tonn af pósti sem er samdráttur um 10,9% eða 6 tonn. Flutningur á vörum og pósti í innanlandsflugi hefur að meðaltali dregist saman um 5,6% á ári sl. áratug og um 4,9% á ári sl. fimm ár.

## VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA




Vöru- og póstflutningar í millilandaflugi námu samtals 56.610 tonnum sem er aukning um 32,6% eða 13.926 frá árinu 2003. Á árinu voru flutt 54.411 tonn af vörum og 2.199 tonn af pósti. Vöruflutningar jukust um 33,3% eða 13.583 tonn og póstflutningar um 18,4% eða rúmlega 342 tonn. Síðastliðinn áratug hefur heildarmagn af vörum og pósti í millilandaflugi aukist um 13,2% að meðaltali á ári og um 12,2% sl. fimm ár.

## FLUGHREYFINGAR**




Flughreyfingar (flugtök og lendingar) voru 179.089, sem er 6,2% fleiri en árið áður. Flughreyfingar í innanlandsflugi voru 152.125 en 26.964 í millilandaflugi. Í innanlandsflugi fjölgaði flughreyfingum í áætlunar- og leiguflugi um 0,5% en þær voru 48.275 snertilendingar (æfingalendingar) voru 66.118 sem er 7,6% aukning og aðrar hreyfingar voru 37.732 eða 8,4% fleiri en árið áður. Í millilandaflugi fjölgaði hreyfingum í áætlunar- og leiguflugi um 29,2% en hreyfingum í öðru flugi fækkaði um 29,9%.

** Snertilending telst sem tvær hreyfingar. Herflug er innifalið.

1. tbl. 12. árgangur. Útgefið maí 2005

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration

www.flugmalastjorn.is

# FLUGTÖLUR

## Ísland 2004

### Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

**ÍSLENSK LOFTFÖR Á SKRÁ 1995-2004**

| Ár | Þungar flugvélar | Léttar flugvélar | Svifflugur | Þyrlur | Samtals | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1995 | 30 | 259 | 29 | 6 | 324 | 3,5% |
| 1996 | 35 | 259 | 31 | 5 | 330 | 1,9% |
| 1997 | 41 | 255 | 31 | 5 | 332 | 0,6% |
| 1998 | 45 | 254 | 32 | 5 | 336 | 1,2% |
| 1999 | 46 | 259 | 33 | 5 | 343 | 2,1% |
| 2000 | 50 | 260 | 33 | 5 | 348 | 1,5% |
| 2001 | 60 | 263 | 32 | 5 | 360 | 3,4% |
| 2002 | 67 | 264 | 33 | 5 | 369 | 2,5% |
| 2003 | 80 | 256 | 34 | 6 | 376 | 1,9% |
| 2004 | 92 | 261 | 34 | 6 | 393 | 4,5% |

**SKÍRTEINI EINSTAKLINGA 1995-2004***

| Ár | Útgefin | Endurnýjuð | Fjöldi skírteina | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|---|---|
| 1995 | 228 | 234 | 1.554 | -2,9% |
| 1996 | 324 | 349 | 1.633 | 5,1% |
| 1997 | 416 | 382 | 1.679 | 2,8% |
| 1998 | 702 | 174 | 1.919 | 14,3% |
| 1999 | 594 | 154 | 2.049 | 6,8% |
| 2000 | 461 | 238 | 1.923 | -6,1% |
| 2001 | 426 | 329 | 1.944 | 1,1% |
| 2002 | 561 | 365 | 2.046 | 5,2% |
| 2003 | 499 | 221 | 2.105 | 2,9% |
| 2004 | 679 | 237 | 2.223 | 5,6% |

* Blindflugs-og kennaraáritanir eru ekki taldar með skírteinum.
Talningu gildra skírteina flugnema hefur verið hætt og heildartölur sl. 10 ára uppfærðar samkvæmt því.

**SKÍRTEINI EINSTAKLINGA 2004**

| Tegund skírteinis | Útgefin | Endurnýjuð | Í gildi | Breyting 04/03 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnuflugmenn / flugvél | 79 | 64 | 316 | -15,5% | 14,2% |
| Atvinnuflugmenn / þyrla | 3 | 0 | 16 | 0,0% | 0,7% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ flugvél | 85 | 42 | 349 | 20,3% | 15,7% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ þyrla | 3 | 1 | 7 | 16,7% | 0,3% |
| Einkaflugmenn / flugvél | 43 | 90 | 548 | -6,2% | 24,7% |
| Einkaflugmenn / þyrla | 1 | 1 | 8 | -11,1% | 0,4% |
| Flugnemar | 42 | 4 | 0 | | |
| Flugumferðarstjórar | 27 | 6 | 143 | 32,4% | 6,4% |
| Flugumsjónarmenn | 10 | 4 | 54 | 3,8% | 2,4% |
| Flugvélstjórar | 0 | 1 | 24 | -7,7% | 1,1% |
| Flugvéltæknar | 0 | 20 | 353 | 3,8% | 15,9% |
| Fullgildingar | 350 | | 350 | 40,0% | 15,7% |
| Flugvéltæknar JAR-66 | 34 | | 0 | | 0,0% |
| Svifflugmenn | 2 | 4 | 55 | 10,0% | 2,5% |
| **Alls** | **679** | **237** | **2.223** | **5,6%** | **100,0%** |

**UMFERÐ UM ÍSLENSKA ÚTHAFSFLUGSTJÓRNARSVÆÐIÐ 1995-2004**

| Ár | Til/frá Íslandi | Yfirflug | Fjöldi ferða | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| 1995 | 20.940 | 45.352 | 66.292 | -3,5% |
| 1996 | 22.382 | 49.249 | 71.631 | 8,1% |
| 1997 | 23.162 | 50.193 | 73.355 | 2,4% |
| 1998 | 25.282 | 58.013 | 83.295 | 13,6% |
| 1999 | 26.028 | 58.977 | 85.005 | 2,1% |
| 2000 | 26.910 | 65.775 | 92.685 | 9,0% |
| 2001 | 25.378 | 61.959 | 87.337 | -5,8% |
| 2002 | 22.606 | 56.854 | 79.460 | -9,0% |
| 2003 | 23.517 | 55.125 | 78.642 | -1,0% |
| 2004 | 26.090 | 58.526 | 84.616 | 7,6% |

**SKIPTING UMFERÐAR UM ÍSLENSKA ÚTHAFSFLUGSTJÓRNARSVÆÐIÐ 1995-2004**

| Ár | Atvinnu-flug | Almanna-flug | Herflug | Samtals | Hlutfall atvinnufl. | Hlutfall almannafl. | Hlutfall herflugs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1995 | 54.338 | 5.130 | 6.824 | 66.292 | 82,0% | 7,7% | 10,3% |
| 1996 | 58.824 | 5.191 | 7.616 | 71.631 | 82,1% | 7,2% | 10,6% |
| 1997 | 61.343 | 5.671 | 6.341 | 73.355 | 83,6% | 7,7% | 8,6% |
| 1998 | 70.913 | 5.787 | 6.595 | 83.295 | 85,1% | 6,9% | 7,9% |
| 1999 | 73.475 | 5.282 | 6.248 | 85.005 | 86,4% | 6,2% | 7,4% |
| 2000 | 81.666 | 5.703 | 5.316 | 92.685 | 88,1% | 6,2% | 5,7% |
| 2001 | 76.538 | 5.528 | 5.271 | 87.337 | 87,6% | 6,3% | 6,0% |
| 2002 | 69.013 | 5.609 | 4.838 | 79.460 | 86,9% | 7,1% | 6,1% |
| 2003 | 68.838 | 5.669 | 4.135 | 78.642 | 87,5% | 7,2% | 5,3% |
| 2004 | 74.825 | 5.948 | 3.843 | 84.616 | 88,4% | 7,0% | 4,5% |

**INNANLANDSFARÞEGAR UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2004****

| Flugvöllur | Farþegafjöldi | Breyting 04/03 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 359.985 | 12,0% | 45,5% |
| Akureyri | 172.588 | 6,0% | 21,8% |
| Egilsstaðir | 108.198 | 29,2% | 13,7% |
| Vestmannaeyjar | 47.157 | 4,4% | 6,0% |
| Ísafjörður | 45.395 | 13,3% | 5,7% |
| Bakki | 27.416 | 7,0% | 3,5% |
| Hornafjörður | 8.777 | 6,3% | 1,1% |
| Sauðárkrókur | 6.060 | -27,8% | 0,8% |
| Aðrir flugvellir | 15.600 | -1,2% | 2,0% |
| **Alls** | **791.176** | **11,2%** | **100,0%** |

** Heildarfjöldi farþega sem um flugvöllinn fara, þ.e. bæði komu- og brottfararfarþegar.

**MILLILANDAFARÞEGAR UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2004**

| Flugvöllur | Brottfarar-/ komufarþegar | Áningar-/ skiptifarþegar | Samtals | Breyting 04/03 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 1.364.701 | 272.328 | 1.637.029 | 19,6% | 98,6% |
| Reykjavík | 19.387 | | 19.387 | -23,3% | 1,2% |
| Akureyri | 2.636 | | 2.636 | -71,1% | 0,2% |
| Egilsstaðir | 961 | | 961 | -35,2% | 0,1% |
| Aðrir flugv | 196 | | 196 | 27,3% | 0,0% |
| **Alls** | **1.387.881** | **272.328** | **1.660.209** | **18,2%** | **100,0%** |

**VÖRU- OG PÓSTFLUTNINGAR INNANLANDS UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2004*****

| Flugvöllur | Vörur/Tonn | Póstur/Tonn | Samtals/Tonn | Breyting 04/03 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 1.193,8 | 3,5 | 1.197,3 | -3,5% | 43,9% |
| Akureyri | 499,2 | 0,0 | 499,2 | -9,7% | 18,3% |
| Egilsstaðir | 299,2 | 0,0 | 299,2 | 21,5% | 11,0% |
| Ísafjörður | 207,8 | 0,0 | 207,8 | 30,6% | 7,6% |
| Vestmannaeyjar | 119,9 | 21,4 | 141,2 | 1,6% | 5,2% |
| Bíldudalur | 50,1 | 68,4 | 118,5 | 2,8% | 4,3% |
| Vopnafjörður | 103,6 | 0,0 | 103,6 | 2,2% | 3,8% |
| Hornafjörður | 57,4 | 0,0 | 57,4 | 28,4% | 2,1% |
| Aðrir flugvellir | 100,1 | 4,7 | 104,8 | 0,9% | 3,8% |
| **Alls** | **2.631,1** | **98,0** | **2.729,1** | **1,0%** | **100,0%** |

*** Heildarflutningar um hvern flugvöll. Upplýsingar vantar að hluta fyrir Reykjavík.

**VÖRU- OG PÓSTFLUTNINGAR MILLI LANDA UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2004**

| Flugvöllur | Vörur/Tonn | Póstur/Tonn | Samtals/Tonn | Breyting 04/03 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 54.256,0 | 2.182,0 | 56.438,0 | 33,2% | 99,7% |
| Reykjavík | 115,0 | 17,1 | 132,1 | -36,4% | 0,2% |
| Akureyri | 40,1 | 0,0 | 40,1 | 0,0% | 0,1% |
| **Alls** | **54.411,0** | **2.199,1** | **56.610,2** | **32,6%** | **100,0%** |

**FLUGHREYFINGAR INNANLANDS Á ÍSLENSKUM ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM 2004**

| Flugvöllur | Áætlunar-/ leiguflug | Annað flug | Snerti-lendingar | Samtals | Breyting 04/03 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.886 | 22.752 | 28.604 | 62.242 | 6,2% | 40,9% |
| Keflavík | 230 | 4.918 | 32.046 | 37.194 | 3,7% | 24,4% |
| Akureyri | 6.118 | 4.016 | 3.702 | 13.836 | -6,3% | 9,1% |
| Vestmannaeyjar | 11.622 | 1.712 | 424 | 13.758 | 3,9% | 9,0% |
| Bakki | 9.698 | 848 | 658 | 11.204 | 39,2% | 7,4% |
| Egilsstaðir | 3.443 | 1.080 | 358 | 4.881 | 15,9% | 3,2% |
| Ísafjörður | 1.580 | 916 | 0 | 2.496 | 15,6% | 1,6% |
| Hornafjörður | 906 | 470 | 158 | 1.534 | 11,1% | 1,0% |
| Sauðárkrókur | 564 | 230 | 124 | 918 | -27,7% | 0,6% |
| Aðrir flugvellir | 3.228 | 790 | 44 | 4.061 | 6,8% | 2,7% |
| **Alls** | **48.275** | **37.732** | **66.118** | **152.124** | **5,4%** | **100,0%** |

**FLUGHREYFINGAR MILLI LANDA Á ÍSLENSKUM ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM 2004**

| Flugvöllur | Áætlunar-/ leiguflug | Annað**** flug | Samtals | Breyting 04/03 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 17.722 | 5.299 | 23.021 | 10,6% | 85,4% |
| Reykjavík | 3.732 | 0 | 3.732 | 15,7% | 13,8% |
| Akureyri | 102 | 0 | 102 | -40,7% | 0,4% |
| Egilsstaðir | 43 | 0 | 43 | -31,7% | 0,2% |
| Aðrir flugvellir | 66 | 0 | 66 | 65,0% | 0,2% |
| **Alls** | **21.665** | **5.299** | **26.964** | **10,9%** | **100%** |

**** Herflug er innifalið.

Umsjón: Hagdeild Flugmálastjórnar Íslands